


VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Menntaskólinn við Sund



Almannavarnadeild
ríkislögreglustjórans

Sóttvarnalæknir

Menntamálaráðuneyti

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur að viðbragðsáætlun</i>	3
2.	<i>Heimsfaraldur inflúensu</i>	4
3.	<i>Háskastig almannavarna</i>	5
4.	<i>Virkjun viðbragðsáætlana skóla</i>	9
5.	<i>Stjórnun og lykilstarfsmenn Menntaskólans við Sund</i>	10
6.	<i>Starfssvæði skólans og umfang</i>	11
7.	<i>Áhættumat vegna inflúensufaraldurs</i>	12
8.	<i>Viðbragðsáætlun –Menntaskólans við Sund- við heimsfaraldri inflúensu</i>	13
9.	<i>Samskiptaleiðir</i>	15
10.	<i>Kort og teikningar</i>	15
11.	<i>Dreifingarlisti</i>	16
12.	<i>Breytingasaga</i>	17

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Menntaskólanum við Sund í samræmi við áætlun Almannaþingis um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum rektors Menntaskólans við Sund (Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólöggráða nemenda. Hún er aðgengileg á <http://www.msund.is>

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík 1.09.2009

Már Vilhjálmsson

rektor

2. Heimsfaraldur inflúensu

Saga heimsfaraldra inflúensu

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrír heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin en talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuheidi og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem að fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl greindist nýr stofn inflúensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn hefur breiðst nokkuð hratt út um heimsbyggðina og þegar þetta er skrifað (30. júlí 2009) hafa 46 tilfelli greinst á Íslandi. Til þessa hafa veikindi verið væg og dauðsföll fátíð. Rétt er að benda á að skæð inflúensa af A stofni (H5N1) hefur breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu sem undirrituð var 28. mars 2008 og er að finna á www.almannavarnir.is og www.influensa.is

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- o Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- o Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- o Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- o Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- o Veita nauðsynlega fræðslu.
- o Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

3. Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. **Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.**

Til þess að gefa til kynna umfang almannavarnaviðbragða, þ.e. fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga er hægt að skilgreina umfang á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

- **Grænt**

Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum.

- **Gult**

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum.

- **Rautt**

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum.

- **Svart**

Þjóðarvá - hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Með hliðsjón af þessu taka sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila.

Óvissustig

Athuganir, mælingar, hættumat

Skilgreining:

Nýr undirflokkur influensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Samráð / samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir.
2. Samráð / samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga.
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem sýking (H5N1? – önnur sýking ?) hefur komið upp.
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar.
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og / eða hjá aðilum, sem hafa sameiginleg verkefni.

Hættustig

Viðbúnaður vegna hættu

Skilgreining:

1. Engin staðfest sýking hérlandis.
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokks Inflúensuveirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands.
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta lækisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum.
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga.
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum / flugvöllum.
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast.
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví.
7. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi Inflúensulyfja meðal áhættuhópa íhuguð.
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns Inflúensu hafa brotist út.

Neyðarstig

Neyðaraðgerðir vegna atburða

Skilgreining;

1. Stofn Inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlandis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað.
2. Samkomubann, lokun skóla o.fl.
3. Útskrift sjúklinga af sjúkrahúsum.
4. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi Inflúensulyfja meðal áhættuhópa.

Skammstafanir og orðskýringar

AR	Sýkingartíðni
AVD	Almannavarnadeild
AVN, Av-nefnd	Almannavarnanefnd
CDC	Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
ESB	Evrópusambandið
LL	Landlæknisembættið
RLS	Ríkislögreglustjórinn
RÚV	Ríkisútvarpið
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
SVL	Sóttvarnalæknir
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

DMR	Dómsmálaráðuneyti
HBR	Heilbrigðisráðuneyti
MRN	Menntamálaráðuneyti

Sóttvarnaráðstafanir

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar, s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og reglulegar guðspjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni afléttir heilbrigðisráðherra því samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýkra manna, sbr 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra.

Háskastig WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjunum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB hafa með sér náíð samstarf við að fylgjast með og meta stöðuna. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Í stigaskipan WHO er gert ráð fyrir þremur skeiðum í heimsfaraldri; *skeið á milli heimsfaraldra*, *viðvörðunarskeiði* og *skeiði heimsfaraldurs*. Innan hvers skeiðs eru skilgreind mismunandi stig og eru þau sex talsins.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu frekar en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri influensu. Viðbragðsáætlun ráðuneyta gegn heimsfaraldri influensu er gerð með háskastig almannavarna til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmiðlum og er sett hér fram til skýringar.

Háskastig WHO	
Stig heimsfaraldurs	Markmið aðgerða
Skeið milli heimsfaraldra Stig 1. Enginn nýr influensustofn hefur greinst í mönnum. Stig 2. Enginn nýr stofn influensuveiru hefur greinst í mönnum. Stofn influensuveiru geisar í dýrum og talinn geta ógnað mönnum. Viðvörðunarskeið Stig 3. Nýr stofn influensuveiru hefur greinst í mönnum en ekki er vitað til þess að hann berist manna á milli nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náíð samband manna. Stig 4. Litlar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði af völdum nýs stofns influensu en hann virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum. Stig 5. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran hafi í vaxandi mæli aðlagast mönnum, þó ekki í þeim mæli að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri. Skeið heimsfaraldurs Stig 6. Heimsfaraldur: Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits á meðal manna.	 Styrkja viðbúnað við heimsfaraldri influensu. Lágmarka hættu á smiti, uppgötva og tilkynna slík smit án tafar. Tryggja hraða greiningu á nýjum stofni veirunnar. Greina tilfelli fljótt og tilkynna þau án tafar. Hröð viðbrögð við fleiri tilfellum. Halda nýjum stofni innan afmarkaðs svæðis/uppsprettu eða seinka útbreiðslu og vinna tíma til að bregðast við (bóluefni ofl.). Hámarksáhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða seinka útbreiðslu og, ef mögulegt, afstýra heimsfaraldri og vinna tíma til að hrinda í framkvæmd sóttvarnaráðstöfunum. Draga úr afleiðingum heimsfaraldurs eins og unnt er.

4. Virkjun viðbragðsáætla skóla

Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

Breyttur viðbúnaður í skólum

Tilkynntar breytingar á háskastigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmiðlum og á heimasíðu þess www.menntamalaraduneyti.is og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

Viðbúnaður í einstökum skólum. Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi vegna inflúensu eru ákveðnar.

Afboðun. Þeir þættir viðbragðsáætla skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

Óvissustig

Unnið að gerð viðbúnaðaráætlunar. Skólarnir upplýsa starfsfólk, nemendur og aðstandendur þeirra og aðra hagsmunaaðila um undirbúning og viðbrögð komi til hættu- eða neyðarástands.

Hættustig

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um skólahald á hættustigi.

Neyðarstig (e.t.v. samkomubann)

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um starfsemi hans á neyðarstigi. Komi til samkomubanns verður skólum lokað á tilteknu svæði eða landinu öllu.

5. Stjórnun og lykilstarfsmenn Menntaskólans við Sund

Stjórn skólans:

Rektor, Már Vilhjálmsson. Konrektor, Hjördís Þorgeirsdóttir. Kennslustjóri, Sigurrós Erlingsdóttir. Formaður skólanefndar, Guðmundur Kristinn Birgisson.

Stjórnendur:

Rektor

ber ábyrgð á starfsemi skólans, fjárhagslegri sem og faglegri. Rektor ber ábyrgð á eignum og fjárreiðum og öðrum rekstri skólans. Rektor ræður starfsfólk, ber ábyrgð á inntöku nemenda, hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi. Rektor ber ábyrgð á því að starfsmenn ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber. Rektor er framkvæmdastjóri skólanefndar og oddviti skólaráðs.

Konrektor

er staðgengill rektors og honum til aðstoðar við daglega stjórn skólans. Hann hefur umsjón með faglegu starfi, mati og eftirliti. Konrektor hefur umsjón með stundatöflugerð. Hann annast skipulagningu bekkjarumsjónar. Konrektor aðstoðar m.a. við starfsmannahald, skipulagningu starfa, fjármál og launamál. Konrektor situr í skólaráði.

Kennslustjóri

hefur yfirumsjón með öllu nemendabókhaldi: skráningu nemenda, færslu einkunna og fjarvista. Hann hefur og umsjón með útgáfu skírteina og vottorða í samstarfi við skrifstofustjóra. Kennslustjóri annast m.a. prófstjórn og gerð próftöflu. Kennslustjóri situr í skólaráði.

Skrifstofustjóri skipuleggur starfsemi skrifstofunnar og stýrir verkefnum sem undir hana falla. Hann veitir allar almennar upplýsingar og þjónustu. Skrifstofustjóri tekur við tilkynningum um veikindi nemenda og starfsmanna og gefur út vottorð og hefur umsjón með einkunna- og fjarvistabókhaldi.


Forstöðumaður bókasafns heldur utan um rekstur bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar skólans. Hann sér um innkaup og skráningu á bókum og öðrum safngögnum, annast útlán og aðstoðar nemendur og kennara við heimildaleit og upplýsingaöflun.

Rekstrarstjóri húseigna hefur eftirlit með viðhaldi og viðgerðum á húsnæði skólans og húsmunum og daglegri ræstingu, sem og mörgu fleiru. Hann opnar hús skólans að morgni og lokar þeim að kvöldi. Hann sér að mestu um samskipti við ýmsa iðnaðarmenn og gætir að ýmsum rekstri svo sem nýtingu hita, ljós og loftræstingar.

Tölvuumsjónarmaður hefur eftirlit með viðhaldi og viðgerðum á tölvubúnaði skólans og daglegum rekstri hans. Hann sér um alla almenna þjónustu tækjabúnaðar og hugbúnaðar og ber ábyrgð á notendaþjónustu þess búnaðar.

6. Starfssvæði skólans og umfang

Húsnæði: Heimilisfang skólans er Gnoðarvogur 43, 104 Reykjavík. Aðalinngangur er við Gnoðarvoginn og er ekið inn á lóð skólans frá Gnoðarvogi rétt við gatnamót hans og Skeiðarvogs.



Mynd: Grunnmynd af Menntaskólanum við Sund.

Umfang: Við skólann starfa tæplega 70 manns og að jafnaði eru nemendur nálægt 750 talsins.


7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs

Bráðabirgðamat 10.8.09 á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu á komandi vikum fyrir landið allt

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu sem gengur yfir um þessar mundir þar sem tillit er tekið til afleiðinga sambærilegar hefðbundnum árlegum inflúensufaraldri (30% sýkingartíðni, 1% tíðni alvarlegra sjúkdómseinkenna og 0,1% dánartíðni). Litið er á alvarleika þessa heimsfaraldurs til jafns við árstíðabundinn inflúensufaraldur. Mun fleiri sýkjast þó í heimsfaraldri (30-50%) en í hefðbundnum árlegum faraldri (5-10%). Þetta leiðir til þess að fleiri munu veikjast alvarlega og fleiri látast af völdum heimsfaraldursins þótt hann sé hlutfallslega ekki skæðari en venjuleg inflúensa.

Mikilvægt er að hafa í huga að bráðabirgðamat þetta þarf ekki að endurspegla raunverulega útkomu faraldursins en er fyrst og fremst ætlað að vera viðbragðsaðilum til hjálpar við að undirbúa aðgerðir.

Algengt er að inflúensufaraldur berist í tveimur eða þremur hrinum á allt að árs tímabili. Hver hrina byrjar með lágri sýkingartíðni sem eykst og nær hámarki og fellur aftur á nokkurra vikna tímabili, oftast 8-12 vikum. Sýkingartíðnin er þá há í nokkrar vikur í hverri hrinu.



Búast má við að sýkingartilfelli dreifist á 12 vikna tímabili, sjá töflu, skv. embætti sóttvarnalæknis.

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
%	1%	4%	15%	22%	23%	15%	8%	5%	3%	2%	1%	1%

Eins og sjá má er líklegt að um nokkrar fjarvistir starfsmanna verði að ræða í inflúensufaraldri. Fjöldi fjarvista er háður því hversu alvarlegur faraldurinn verður og einnig hver viðbrögð almennings verða. Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- smits af inflúensu
- annarra veikinda
- annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla
- beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér
- beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann
- raskana á almenningssamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks
- ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Fjarvistir starfsmanna munu verða mestar þegar sýkingartíðni er hæst í faraldri, eða u.þ.b. í 5. viku af u.þ.b. 12 vikum. Búast má við tveimur til þremur hrinum af inflúensufaraldri með nokkurra mánaða millibili.

Það er ekki hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðvum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsmenn meta hættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.

8. Viðbragðsáætlun –Menntaskólans við Sund- við heimsfaraldri inflúensu

Komi til lokunar á skólanum verða allar helstu upplýsingar um starfsemina á þeim tíma settar á vef skólans www.msund.is. Skólinn rekur eftirtalin upplýsingakerfi:

INNA er upplýsingakerfi framhaldsskólanna. Þar er að finna helstu upplýsingar um nemendur svo sem nöfn, aðstandendur, heimilsfang og símanúmer. Þá er í INNU skráðar upplýsingar um viðveru, veikindi og leyfi.

Námsnetið er innra námskerfi skólans. Á námsnetinu eru upplýsingar um nám í einstökum námsgreinum, áföngum og bekkjum. Þar eru námsáætlanir í öllum áföngum, kennsluefni og ítarefni. Námsnetið er jafnframt samskiptagrunnur kennara og nemenda og þar inn eru settar upplýsingar um námsmat, tímasetningar stærstu prófa og verkefna og margvíslegt annað náms- og fræðsluefni.

Vefur Menntaskólans við Sund inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi skólans. Þar eru reglur hans, ákvæði um námsframvindu, námsmat, próf og lágmarkskröfur. Þar er skipulag námsbrauta sýnt og þar eru helstu upplýsingar að finna um þá þjónustu sem skólinn býður upp á. Komi til lokunar skólans og verði hún til þess að skólastarf fari úr skorðum í lengri tíma verða settar á vef skólans upplýsingar um það hvernig skólinn muni bregðast við því ástandi. Fyrir liggur að ábyrgð nemenda á sínu námi verður enn sýnilegri raskist skólastarf um lengri tíma. Nemendur og foreldrar/forráðamenn eru því hvattir til þess að fylgjast með upplýsingum á vef skólans um viðbrögð komi til lokunar.

Verkefnisstjórn við gerð, uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar í Menntaskólanum við Sund Rektor skólans eða staðgengill hans bera ábyrgð á að virkja og uppfæra viðbragðsáætlun skólans. Áætlunin er unnin í samvinnu við yfirvöld menntamála, heilbrigðismála og embætti ríkislögreglustjóra. Innan skólans starfar öryggisnefnd að þessum málum í samvinnu við rektor. Formaður þeirrar nefndar er Lóa Steinunn Kristjánsdóttir.

Upplýsingar til nemenda, starfsmanna og aðstandenda um inflúensuna, útbreiðsluleiðir og hvernig draga megí úr smitleiðum

Vefur skólans verður notaður til þess að koma almennum upplýsingum um Inflúensuna og smitleiðir og hvernig best er að draga úr líkum á smiti. Þá verður innanhúss skjákerfi skólans notað til þess að upplýsa nemendur um stöðuna og kennarar ræða við nemendur um forvarnir. Forvarnir við smiti verða ræddar á fundum með foreldrum/forráðamönnum nemenda. Komi til lokunar mun skólinn nota Námsnetið sem helsta samskiptaformið gagnvart nemendum og vefur skólans verður helst notaður gagnvart öðrum. Einnig verður tölvupóstur þá notaður eftir því sem við á. Viðbragðsáætlun skólans verður sett á netið sem pdf. skjal og mun liggja frammi útprentuð á bókasafni, skrifstofu, hjá námsráðgjöfum og einnig verður hún sett á uppsláttartöflur í skólanum.

Grunnupplýsingar má fá í bæklingi sem er að finna á www.almannavarnir.is og heitir „Munum eftir Inflúensunni“ svo og á www.influensa.is.

Upplýsingar um breytta ræstingu og hlífðarbúnað má fá á www.influensa.is.

Hvernig á að bregðast við veikindatilfellum nemenda í skólanum?

Almennt gilda skólasóknarreglur vegna veikinda nemenda (sjá heimasíðu MS). Raskist skólastarf verulega verður brugðist við því eftir því sem við á. Allar breytingar verða þá kynntar á heimasíðu skólans og á Námsnetinu. Óskum ti skólans um frávík frá reglum verður vísað til skólaráðs, kennslustjóra og námsráðgjafa eftir því sem við á.

Hvernig er skipulagning afleysingakerfis lykilstarfsmanna (skólastjórnenda) ef til veikinda hjá þeim kemur?

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/2008 ber rektor skólans ábyrgð á skólastarfinu. Staðgengill rektors, Más Vilhjálmssonar, er konrektor, Hjördís Þorgeirsdóttir. Ekki er gert ráð fyrir að aðrir taki það hlutverk yfir. Um rekstur og stjórn skólans fer eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Komi til þess að bæði rektor og konrektor verði úr leik vegna veikinda mun koma til kasta skólanefndar Menntaskólans við Sund sem mun grípa til viðeigandi ráðstafana í samráði við menntamálaráðherra.

Komi til lokunar skóla

Komi til lokunar verður það auglýst á heimasíðu skólans og á Námsnetinu. Tölvupóstur verður sendur starfsfólki og nemendum og Foreldraráð Menntaskólans við Sund verður látið vita. Tilkynning um lokun verður einnig sett upp á skjákerfi skólans. Þá verða sett upp plaköt við innganga skólans um lokunina ásamt upplýsingum um hvert á að snúa sér með erindi.

Hvaða boðleiðir til og frá skóla haldast opnar þannig að nauðsynlegt upplýsingastreymi haldist gangandi?

Heimasíða MS, póstlistar og símsvörun, Námsnetið verður opið og þar verða allar helstu upplýsingar um námið og námskröfur ásamt kennslugögnum Upplýsingakerfi framhaldsskólanna, Inna verður opin.

Hvernig má halda samstarfi/sambandi við heimili barna?

Nýta póstlista, heimasíðu skólans, funda með foreldraráði MS. Símatímar verða auglýstir.

Aðstoð við erlenda skiptinema sem ekki geta komist úr landi.

Tilkynning um ástand verður sent AFS eða viðkomandi samtökum sem ber ábyrgð á viðkomandi. Hringt verður í fósturfjölskyldur skiptinema.

Verður unnt að halda úti áframhaldandi skólastarfi í einhverri mynd þrátt fyrir lokun skóla?

Já en þjónustan fer eftir því hve alvarlegt ástandið verður. Vísað er í fyrri texta um ábyrgð nemenda á námi og boðleiðir sbr. tölvupóst, Námsnetið og Innu.

Hvernig verður tryggð umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur?

Ábyrgð : Rektor, rekstrarstjóri fasteigna MS og Fasteignir ríkisins.

Hvernig verður staðið að skipulagningu skólastarfs eftir opnun?

Ákvörðun um skólahald efir að lokun verður aflétt verður á ábyrgð rektors sem mun fylgja þeim reglum og samningum sem hugsanlega þarf að gera við hagsmunaaðila vegna breytinga á vinnutíma.

9. Samskiptaleiðir

Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun

Rektor: Már Vilhjálmsson, sími: 5807300, netfang: marv@msund.is

Konrektor: Hjördís Þorgeirsdóttir, sími: 5807300, netfang: hjordist@msund.is

Formaður skólanefndar Menntaskólans við Sund: Guðmundur Kristinn Birgisson, sími: 5880151, netfang: guðmundurb@vbs.is

Aðrir lykilstarfsmenn komi til neyðarástands

Rekstarstjóri húsnæðis MS: Sigurður Ingi Georgsson, netfang: sigurdurg@msund.is

Forstöðumaður námsráðgjafar: Björk Erlendsdóttir, netfang: bjorke@msund.is

Forstöðumaður bókasafns: Þórdís T. Þórarinsdóttir, netfang: thordis@msund.is

Fjármálastjóri MS: Svava Loftsdóttir, netfang: svaval@msund.is

Skrifstofustjóri: Hilda Hilmarsdóttir, netfang: hildah@msund.is

Kennslustjóri: Sigurrose@msund.is

Vinnuumhverfisstjóri: Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, netfang: loak@msund.is

10. Kort og teikningar

Sóttvarnasvæðin

Íslandi er skipt upp í átta sóttvarnaumdæmi og er sóttvarnalæknir skipaður í hverju þeirra. Í stórum sóttvarnaumdæmum eru skipaðir sóttvarnalæknar ákveðinna svæða. Sjá mynd 10.1.

Sóttvarnalæknar umdæma og svæða

Höfuðborgarsvæðið

Lúðvík Ólafsson framkvæmdastjóri heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins

Gunnar Ingi Gunnarsson, heilsugæslulæknir Árbæ, Reykjavík

Vesturland

Þórir Bergmundsson, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi

Friðrik Jónsson, St. Fransiskuspítalinn í Stykkishólmi

Vestfirðir

Fjölur Freyr Guðmundsson, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði

Norðurland

Þórir V. Þórisson, Heilsugæslan Akureyri

Ásgeir Böðvarsson, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík

Héðinn Sigurðsson, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Austurland

Stefán Þórarinnsson, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Egilsstöðum

Björn Magnússon, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað

Suðurland

Óskar Reykdalsson, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi


Vestmannaeyjar

Karl Björnsson, Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja

Suðurnes

Sigurður Árnason, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær

Sigurjón Kristinsson, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær



11. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt (sem pdf skjal) á eftirtöldum vefsíðum: <http://www.msund.is>

Innri vefur skólans : <https://www.namsnet.is/ms/>

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum: Eintak er hjá skrifstofustjóra, rektor, konrektor, á kaffistofu starfsmanna, hjá námsráðgjöfinni og á bókasafni. Eintak hangir einnig uppi á tveimur tilkynningartöflum í skólanum sem nemendur hafa aðgang að.

12. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	10/08/2009	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum	
1.0	1/09/2009	Viðbragðsáætlun skóla birt	Rector